

Starfsskýrsla 2023  
Ungmennafélagið Stjarnan.

Lítið var um starf á árinu hjá félaginu, eftir komu Íþróttafélagsins Undra hafa æfingar og almennt æskulýðstarf verið á þeirra hendi. Ungmennafélagið Stjarnan fagnar þessu mikla og góða starfi sem Íþróttafélagið Undri heldur úti.

Þorrablótíð var haldið, var stórskemmtilegt og nokkuð vel sótt.

Ungmennafélagið hafði samþykkt að styrkja Íþróttafélagið Undra um Lottó tveggja ára og greiddi hann út á árinu, 110.000 kr.

Gönguhópurinn var virkur og gekk eins og síðastliðin ár.

Ungmennafélagið Stjarnan er gamalgróið félag sem hefur verið misvirkt síðastliðin ár. Eftir komu Íþróttafélagsins Undra varð almenn starfsemi félagsins minni. Því höfum við ákveðið að kveðja UDN, allavega að sinni. Við munum sakna þessa flotta félagsskapar sem UDN er. Óskum ykkur velfarnaðar og gleðjumst yfir flottu starfi sem er í félögunum. Þótt aðalfundur hafi samþykkt úrsögn úr UDN, stefnir félagið á að halda áfram starfi líkt og undanfarin ár ss. þorrablót, gönguhópnum, spilakvöld og þess háttar viðburðum.

Á aðalfundi félagsins í gær var samþykkt að styrkja íþróttafélagið Undra um 250.000 kr og var hann greiddur inná reikning félagsins í morgun.

Stjórn Stjörunnar  
Arnar Eysteinnsson, formaður  
Jón Egill Jóhannsson, gjaldkeri  
Heiðrún Sandra, ritari